

Aðalfundur LÍV var haldinn að Hveravöllum laugardaginn 11.10.2014. Kl 16. Alls mættu 19 félagsmenn frá öllum aðildarfélögum.

Smári Sigurðsson var kosinn fundarstjóri og Róbert Reynisson ritari. Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundar og hófst svo eftirfarandi dagskrá.

1. Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla liðins árs hjá LÍV og fór forseti LÍV Freyr Aðalgeirsson yfir helstu mál sem fóru fram á árinu. Hættur á fjöllum voru ofarlega í hugum manna á árinu bæði snjóflóða og slysamál enda voru mörg snjóflóð sem féllu og slys voru tíð og alltof mörg, þar á meðal eitt banaslys. LÍV varð 30 ára á árinu og var haldin mikil hátíð í Kerlingafjöllum 4.-6. apríl 2014 og heppnaðist sú hátíð afskaplega vel og mættu um 100 félagsmenn þangað. Tímaritið Snjósleðinn var skannaður inn og settur inn á heimasíðu LÍV og voru menn sammála um að þarna væru mikilvægar upplýsingar og fróðleikur sem mikilvægt væri að geyma. Farið var yfir ferðafrelsi á hálendinu og hversu mikilvægt það er að vera vakandi yfir þeim lokunum sem nú dýnja á okkur sleðamönnum og láta raddir okkar heyrast.
2. Þorstein Gunnarsson formaður LÍV- RVK fór yfir líðandi ár sem byrjaði með vel sótttri árhátíð sem haldin var 16 nóvember í sal sjómynjasafnsins Víkinni og heppnaðist áshátíðin mjög vel og allir skemmtu sér vel. Félagsfundir voru vel sóttir og voru haldnir víða, kynning hjá Garmin, við fengum landhelgisgæsluna og veðurstofuna í heimsókn, sleðaspjettur í Skálafell og að sjáfsöðu vel heppnað landsmót í Kerlingafjöllum.
3. Gunnar Helgi Helgason varaformaður SNÆ-LÍV fór yfir líðandi ár sem var mjög gott og tóku þeir meðal annars þátt í sýningunni Krafti sem haldin var á Sauðárkróki. Þá var snjóflóðanámskeið haldið og haldnir voru hefðbundnir félagsfundir.
4. Tryggvi Tryggvason formaður EY-LÍV fór yfir líðandi ár. Haldin var sýningin Vetrarsport í gamla Europris húsinu 23.-24. nóvember, árhátíð var haldin í Sjallanum 23. nóvember, jólagrill var svo á verkstæðinu hjá Tryggva Aðalbörnssyni. Eftir áramótin 15. febrúar var Éljagangur með sleðaspyrnum. Skyndihjálparnámskeið var haldið og tóku 20 manns þátt í því. EY-LÍV sá um Kerlingafjallamótið þetta árið. Veturinn endaði svo í júní þó að einstaka menn hafi rennt sér í nokkra sólbráðna skafla allt sumarið.
5. Freyr Aðalgeirsson lagði fram ársreikning LÍV 2013-2014 og kynnti. Gerð var ein athugasemd við hann vegna póstkosnaðar upp 188.717 en hann var vegna greiðsluseðla vegna félagsgjalda sem sendir eru félagsmönnum. Til skoðunar er að fella niður sendingar þessara greiðsluseðla.
6. Tillaga var um að árgjald yrði óbreytt og verði 5000 kr. Tillagan var samþykkt og einnig að sama skipting yrði á milli aðildarféлага.
7. Kosning forseta fór fram og var Freyr Aðalgeirsson sitjandi forseti kosinn aftur til 1 árs.
8. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir til næsta árs, og þeir eru Eiríkur Jónsson, Jóhann Gunnar Jóhannsson og Sigurgeir Steindórsson varamaður.
9. Ákveðið var að halda næsta aðalfund LÍV á fjöllum í október 2015 og mun það ráðast af veðri og vindum.
10. Önnur mál. Almenn umræða var um öryggismál á fjöllum og það að stunda örugga sleðamennsku. Forvarnarmál voru rædd og kom til umræðu að vera með forvarnarauglýsingar í fjölmiðlum á góðviðrisdögum þegar margir eru á fjöllum og leita jafnframt eftir samstarfi við tryggingafélögin. Félagsmenn voru sammála að þetta myndi efla ímyndi félagsins. Hugmynd er að gefa út dagatal með

bestu myndum hvers árs. Einnig voru menn sammála um að efla vegagerð að sleðasvæðum og búa til bílplön svo menn eigi auðvelt með að komast að góðum svæðum á vorin.

Fundi slitið.

Róbert Reynisson